



Reglur um framlög og styrki 2018.

Umönnunarbætur.

Umönnunarbætur eru kr. 40.000 fyrir hvern mánuð. Fyrsta greiðsla er í þeim mánuði sem barn verður 10 mánaða, eða frá þeim tíma sem sótt er um umönnunarbætur. Síðasta greiðsla er fyrir þann mánuð sem barnið verður tveggja ára, eða þar til barn fær inngöngu í leikskóla.

Umönnunarbætur eru ekki greiddar eftir að barni hefur verið boðin innganga í leikskóla

Frístundastyrkur.

Frístundastyrkur kr. 30.000 fyrir hvert barn er til að auðvelda foreldrum að standa straum af kostnaði vegna þátttöku barna í frístundastarfi. Styrkurinn er til foreldra barna allt að 18 ára aldri, þ.e. þeirra barna sem verða 18 ára á árinu og eiga lögheimili í Garði. Nánar má finna upplýsingar um fyrirkomulag og dæmi um styrkhæfar frístundir á heimasíðu Garðs, svgardur.is.

Ferðastyrkir vegna framhaldsmenntunar.

Nemar sem eiga lögheimili í Garði og stunda framhaldsnám eiga rétt á ferðastyrk kr. 30.000 fyrir hverja námsönn, miðað við fullt nám. Skilyrði er að stundað sé lánshæft nám í dag- eða fjarnámi og ekki sé kostur að stunda það á Suðurnesjum. Sækja skal um styrk fyrir haustönn eigi síðar en síðasta virka dag desember mánaðar og vorönn fyrir síðasta virka dag maí mánaðar.

Afsláttur fargjalda almenningsamgangna.

Börn 16 ára og yngri, með lögheimili í Garði eiga rétt á 80% niðugreiddum fargjöldum með almenningsamgöngum. Farmiðar eru afgreiddir í Íþróttamiðstöðinni í Garði.